

ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2024, mánudaginn 16. september var haldinn 307. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Guðrúnartúni 1 og hófst kl. 10:04. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Lárus Finnbogason og Einar S. Hálfánarson. Einnig tók sæti á fundinum Ingunn Ólafsdóttir, starfandi innri endurskoðandi.

Fundarritari var Kristín Henley Vilhjálmsdóttir.

Þetta gerðist:

- Lögð fram drög að ráðningarbréfi PricewaterhouseCoopers (PwC) og framlengingu til eins árs á samningi um innri endurskoðun SORPU bs. ásamt drögum að verkefnisáætlun PwC að innri endurskoðun vegna ársins 2024. IER24090001

Jón Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 10:05 tekur Sunna Jóhannsdóttir sæti á fundinum.
- Kl. 10:09 tekur Sigrún Guðmundsdóttir sæti á fundinum.

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Í almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar gagnvart B hluta félögum sem samþykkt var í borgarstjórn 3. maí 2022 segir í 13. gr. að hafi stjórn fyrirtækis innan samstæðu Reykjavíkurborgar samið um innri endurskoðun við annan aðila skuli innri endurskoðunaráætlun félagsins gerð í samráði við Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar. Endurskoðunarnefnd samþykkir ráðningarbréf og verkefnisáætlun PwC með þeim fyrirvara og vísar að því búnu til stjórnar SORPU bs.

- Fram fer kynning á úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar á rekstrarsamfellu samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur sef. IER24040004

Stefán Viðar Grétarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
Vísað til stjórna Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga.

- Lögð fram starfsskýrsla fagsviðs ráðgjafar hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf fyrir árið 2023. IER24060005

Agnes Guðjónsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
Samþykkt.

- Lagt fram til samþykktar erindisbréf fagsviðs ráðgjafar hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf ásamt fylgibréfi starfandi innri endurskoðanda, dags. 16. september 2024. IER24090006
Samþykkt.

- Lögð fram drög að innri endurskoðunaráætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2025-2026. IER24030029

Ingunn Ólafsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Að mati nefndarinnar mætti úttektarvinna hjá Félagsbústöðum vera umfangsmeiri.

Vísað til stjórnar Félagsbústaða hf.

6. Umræður um starfsskýrslu endurskoðunarnefndar. IER24080012
Frestað.
7. Umræður um starfsáætlun endurskoðunarnefndar fyrir starfsárið 2024-2025.
IER24080013
Frestað.
8. Umræður um endurskoðun á samþykkt endurskoðunarnefndar og starfsreglum.
IER23060006
Frestað.

Fundi slitið kl. 11:38

Einar S. Hálfánarson
Sunna Jóhannsdóttir

Lárus Finnbogason

Sigrún Guðmundsdóttir